

LV-2019-070



Landsvirkjun



Seiðarannsóknir og veiði í  
Jökulsá á Dal, hliðarám hennar  
og Fögruhlíðará 2018

## Lykilsíða



Skýrsla LV nr:

LV-2019-070

Dags:

28. 11 2019

Fjöldi síðna:

Upplag:

Dreifing:

Birt á vef LV

Opin

Takmörkuð til

**Titill:**

Seiðarannsóknir og veiði í Jökulsá á Dal, hliðarám hennar og Fögruhlíðará  
2018

**Höfundar/fyrirtæki:**

Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson. Hafrannsóknarstofnun HV  
2019-58

**Verkefnisstjóri:**

Sveinn Kári Valdimarsson

**Unnið fyrir:**

Landsvirkjun

**Samvinnuaðilar:**

Veiðifélag Jökulsár á Dal

**Útdráttur:**

Árleg rannsókn á fiskstofnum Jökulsár á Dal (Jökla), hliðarám hennar og Fögruhlíðarár sem hófst 2011. Laxaseiði veiddust á 9 stöðum af 11 í Jöklu og einnig í öllum hliðarám nema Hrafnkelu. Laxaseiði veiddust einnig í Fögruhlíðará. Bleikjuseiði veiddust á 6 stöðum í Jöklu, auk Kaldár, Fossár, Hneflu og Fögruhlíðará. Urriðaseiði veiddust eingöngu í Fossá og Laxá. Villt laxaseiði fundust á sex stöðum í Jöklu og voru þau frá eins árs til þriggja ára gömul. Villt laxaseiði fundust í öllum hliðaránum nema Hrafnkelu, og einnig í Fögruhlíðará. Lirfur og púpur rykmýs var algengasta fæða laxa- og bleikjuseiða. Í Jöklu og Laxá varð minnkun í þéttleikavísitölu villtra laxaseiða árið 2018 m.v. árin á undan. Hækkun varð í þéttleikavísitölu villtra laxaseiða (vorgöm til tveggja ára) í Fossá og Fögruhlíðará. Sumarið 2018 veiddust 514 laxar í Jöklu, Laxá og Kaldá og 14 laxar í Fögruhlíðará. Þetta er næst mesta laxveiði sem verið hefur í Jöklu, en árið 2015 veiddust þar 605 laxar. Sumarið 2018 var 64% veiðinnar ofan við veiðistaðinn Steinboga. Laxveiðin í Jöklu og hliðarám var góð framan af sumri, en minnkaði verulega í byrjun ágúst þegar yfirfallsvatns úr Háslóni fór að gæta..

**Lykilorð:** Kárahnjúkar, Fljótsdalsstöð, Lagarfljót, Jökla,  
Jökulsá á Dal, vatnalíf, fiskur, vöktun, bleikja, lax, urriði

**ISBN nr:**

*S. Gísl*

# Haf- og vatnarannsóknir

Marine and Freshwater Research in Iceland



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Upplýsingablað

**Titill:** Seiðarannsóknir og veiði í Jökulsá á Dal, hliðarám hennar og Fögruhlíðarár 2018

**Höfundur:** Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson

Skýrsla nr: HV 2019-58 LV-2019-070	Verkefnistjóri: Ingi Rúnar Jónsson	Verknúmer: 8932
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 24	Útgáfudagur: 28. nóvember 2019
Unnið fyrir: <i>Landsvirkjun og Veiðifélag Jöklu</i>	Dreifing: Opið	Yfirfarið af: Friðþjófur Árnason Sveinn Kári Valdimarsson

### Ágrip

Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á fiskstofnum Jökulsár á Dal (Jöklu), hliðarám hennar og Fögruhlíðarár 2018, en rannsóknirnar eru framhald vöktunar sem staðið hefur frá 2011. Rannsóknir og sýnataka á vettvangi fóru fram dagana 30. júlí til 1. ágúst, en þá voru seiðarannsóknir með rafveiðum gerðar í Jöklu (11 stöðvar) og hliðaránum Hrafinkel, Hneflu, Laxá, Fossá og Kaldá, auk Fögruhlíðarár. Veiði eftir veiðistöðum var skráð í veiðibækur, en leigutaki veiðiréttarins tók veiðina saman. Hreistursýni voru tekin af löxum úr stangveiði til aldursgreiningar.

Laxaseiði veiddust á 9 stöðum af 11 í Jöklu og einnig í öllum hliðarám nema Hrafinkel. Laxaseiði veiddust einnig í Fögruhlíðará. Bleikjuseiði veiddust á 6 stöðum í Jöklu, auk Kaldár, Fossár, Hneflu og Fögruhlíðará. Urriðaseiði veiddust eingöngu í Fossá og Laxá.

Villt laxaseiði fundust á sex stöðum í Jöklu og voru þau frá eins árs til þriggja ára gömul. Villt laxaseiði fundust í öllum hliðaránum nema Hrafinkel, og einnig í Fögruhlíðará. Laxaseiði ættuð úr seiðasleppingum fundust á sex stöðum í Jöklu. Lirfur og þúpur rykmýs var algengasta fæða laxa- og bleikjuseiða.

Í Jöklu og Laxá varð minnkun í þéttleikavísítölu villtra laxaseiða árið 2018 m.v. árin á undan. Hækkun varð í þéttleikavísítölu villtra laxaseiða (vorgömul til tveggja ára) í Fossá og Fögruhlíðará. Sumarið 2018 var sleppt alls 23 þúsund gönguseiðum og tæplega 106 þúsund eins árs laxaseiðum á vatnasvæði Jöklu.

Sumarið 2018 veiddust 410 laxar í Jöklu, 104 laxar alls í Laxá og Kaldá og 14 laxar í Fögruhlíðará. Þetta er næst mesta laxveiði sem verið hefur í Jöklu, en árið 2015 veiddust þar 605 laxar. Heildarveiðin í Jöklu, hliðarám og Fögruhlíðará hefur þrisvar sinnum verið meiri en hún var 2018, þ.e. árin 2011, 2015 og 2016. Í Jöklu og hliðarám hennar var um tveimur þriðju veiddra laxa sleppt aftur (veiða sleppa) sumarið 2018. Hlutfall fiska sem sleppt var úr stangveiði í Fögruhlíðará var nærrí 80%, en hafa verður í huga að heildarveiði var ekki nema 14 laxar. Sumarið 2018 var 64% veiðinnar ofan við veiðistaðinn Steinboga, en mest var veiðin í Hólaflúð þar sem 145 laxar veiddust (35,4%). Í Laxá veiddust flestir laxar í Efri-Brúarbreiðu og í Sauðárþreiðu í Kaldá. Alls bárust hreistursýni af 9 (2,2%) löxum úr veiðinni

2018, þ.e. af 4 stórlöxum og 5 smálöxum. Sex þeirra voru greindir af villtum uppruna og höfðu dvalið 3 eða 4 ár í ánni fyrir sjögöngu. Laxveiðin í Jöklu og hliðarám var góð framan af sumri, en minnkaði verulega í byrjun ágúst þegar yfirfallsvatns úr Háslóni fór að gæta. Við það verð jökullitur á vatni í Jöklu ríkjandi og aðstæður til stangveiði afar erfiðar.

### **Abstract**

*This report presents the results from fish stock monitoring program in River Jökulsá, its tributaries and River Fögruhlíðará. Electrofishing survey was conducted on 30<sup>th</sup> July to 1<sup>st</sup> August 2018, focusing on density and distribution of Atlantic salmon, Arctic charr and brown trout juveniles.*

*Salmon juveniles were found at 9 of 11 locations in River Jökulsá, as in its tributaries except for River Hrafnkela. Salmon juveniles of wild origin were found at 6 locations in River Jökulsá, as well as in the tributaries and River Fögruhlíðará. Salmon juveniles from stocking of hatchery reared parr were found at 6 locations in River Jökulsá. Arctic char juveniles were found River Jökulsá (at 6 locations), as well as in River Kaldá, River Fossá, River Hnefla and River Fögruhlíðará. Juveniles of brown trout were caught in River Fossá and River Laxá. The most common food item in stomachs of the salmon juveniles were chironomid larvae and pupae. The density index of salmon juveniles of wild origin decreased in River Jökulsá and River Laxá from previous year, but increased in River Fossá and River Fögruhlíðará. In 2018 a total of 23 thousand hatchery reared salmon smolts and close to 106 thousand salmon parr were released in River Jökulsá.*

*The total catch by anglers was 410 salmon in River Jökulsá, 104 salmon in River Laxá and River Kaldá and 14 salmon in River Fögruhlíðará. This was the second highest number of salmon caught in River Jökulsá, but 605 salmon were caught there in 2015 as the catch record. In River Jökulsá and its tributaries 2/3 of the catch was released (catch and release) from the angling fishery. About 2/3 of the catch in River Jökulsá was above the fishing pool Steinbogi, but the highest catch was at the pool Hólaflúð (35,4%). Scale samples were collected and analyzed from 9 salmon (four of the fish were two sea winter salmon and five one sea winter salmon). Six of the aged fish were of wild origin having spent three and four years in the river before migrating to sea. In 2018 the Háslón reservoir reached the highest water level in early August, causing glacial water to flow through the spillway at the Kárahnjúkastífla dam and causing angling fishery very difficult in River Jökulsá.*

**Lykilorð:** bleikja, urriði, lax, Jökulsá á Fljótsdal, rafveiði, Kárahnjúkavirkjun

**Keywords:** Arctic char, brown trout, Atlantic salmon, River Jökulsá á Fljótsdal, electrofishing, , Kárahnjúkar hydropower plant

Undirskrift verkefnisstjóra:

Ingi R. Þórsson

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Gudni Gudbergsson

# Seiðarannsóknir og veiði í Jökulsá á Dal, hliðarám hennar og Fögruhlíðará 2018

Ingí Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson

*Skýrslan er unnin fyrir Landsvirkjun og Veiðifélag Jöklu*

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Framkvæmd .....	2
Seiðarannsóknir .....	2
Stangaveiði.....	3
Niðurstöður.....	3
Seiðarannsóknir .....	3
Stangaveiði.....	4
Umræður .....	4
Þakkarorð.....	6
Heimildir .....	6
Töflur.....	7
Myndir.....	14
Viðaukar.....	24

## Töfluskrá

<b>Tafla 1.</b> Staðsetning rafveiðistöðva í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará í júlí 2018, auk flatarmáls stöðva og heildarfjölda laxa-, bleikju- og urriðaseiða sem veiddust. ....	7
<b>Tafla 2.</b> Vísitala þéttleika laxa-, bleikju- og urriðaseiða í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará í júlí 2018, sem fjöldi seiða af hverjum aldurshóp eða úr seiðasleppingum (E) á hverja 100m <sup>2</sup> árbotns.....	8
<b>Tafla 3.</b> Meðallengd einstakra árganga laxaseiða (0+-3+= villt seiði, E=eldisseiði) eftir stöðvum í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará í rafveiðum í júlí 2018 (ML: meðallengd, N: fjöldi mældra seiða, Sd: staðalfrávik). .....	9
<b>Tafla 4.</b> Fjöldi veiddra laxa í Jöklu, Laxá, Kaldá og Fögruhlíðarár 2006-2018. Einnig fjöldi laxaseiða sleppt á sama tímabili. ....	10
<b>Tafla 5.</b> Laxveiði í Jöklu eftir veiðistöðum árin 2007-2018. ....	11
<b>Tafla 6.</b> Laxveiði í Laxá í Jökulsárhlið eftir veiðistöðum árin 2007-2018. ....	12
<b>Tafla 7.</b> Laxveiði í Kaldá í Jökulsárhlið eftir veiðistöðum árin 2007-2018.....	12
<b>Tafla 8.</b> Laxveiði í Fögruhlíðará eftir veiðistöðum árin 2007-2018.....	13
<b>Tafla 9.</b> Niðurstöður greininga á hreistursýnum af löxum sem veiddust í Jöklu, Kaldá og Laxá sumarið 2018. ....	13

## Myndaskrá

<b>Mynd 1.</b> Vatnsvæði Jöklu, auk Fögruhlíðarár. Rafveiðistaðir eru sýndir með mismunandi litum punktum eftir vatnsföllum. ....	14
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----

<b>Mynd 2.</b> Lengdardreifingar veiddra laxaseiða í seiðamælingum í Jöklu sumarið 2018. Aldur seiða er sýndur ofan við súlurnar. ....	15
<b>Mynd 3.</b> Lengdardreifingar veiddra laxaseiða í seiðamælingum í hliðarám Jöklu og Fögruhlíðará sumarið 2018. Aldur seiða er sýndur ofan við súlurnar. ....	16
<b>Mynd 4.</b> Lengdardreifingar veiddra bleikjuseiða í seiðamælingum í Jöklu sumarið 2018. Aldur seiða er sýndur ofan við súlurnar. ....	17
<b>Mynd 5.</b> Lengdardreifingar veiddra bleikjuseiða í seiðamælingum í hliðarám Jöklu og Fögruhlíðará sumarið 2018. Aldur seiða er sýndur ofan við súlurnar. ....	17
<b>Mynd 6.</b> Lengdardreifingar veiddra urriðaseiða í seiðamælingum í hliðarám Jöklu sumarið 2018. Aldur seiða er sýndur ofan við súlurnar. ....	18
<b>Mynd 7.</b> Hlutfallsleg skipting magainnihalds laxaseiða í seiðamælingum í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará. Tölur í súlum eru fjöldi seiða að baki viðkomandi súlu. ....	18
<b>Mynd 8.</b> Hlutfallsleg skipting magainnihalds bleikjuseiða í seiðamælingum í Jöklu, Hneflu og Kaldá. Tölur í súlum eru fjöldi seiða að baki viðkomandi súlu. ....	19
<b>Mynd 9.</b> Vísitala þéttileika (fj/100fm) laxaseiða í Jöklu, Laxá, Fossá og Fögruhlíðará, skipt í villt seiði og eldisseiði, árin 2011-2018. Athugið mismunandi skala á lóðréttum ásum. ....	19
<b>Mynd 10.</b> Skipting laxveiði eftir veiðisvæðum á vatnasviði Jöklu og í Fögruhlíðará árin 2007-2018. ....	20
<b>Mynd 11.</b> Laxveiði, skipt í afla og sleppt, í Jöklu og hliðarám (A) og Fögruhlíðará (B) árin 2008 – 2018. Athugið mismunandi skala á lóðréttu ásunum. ....	20
<b>Mynd 12.</b> Bleikjuveiði, skipt í afla og sleppt, í Jöklu og hliðarám (A) og Fögruhlíðará (B) árin 2008 – 2018. ....	20
<b>Mynd 13.</b> Urriðaveiði, skipt í afla og sleppt, í Jöklu og hliðarám (A) og Fögruhlíðará (B) árin 2008 – 2018. ....	21
<b>Mynd 14.</b> Uppsafernaður fjöldi veiddra laxa eftir vikum, í Jöklu (og hliðarám hennar) og Fögruhlíðará. ....	21
<b>Mynd 15.</b> Uppsafernaður fjöldi veiddra bleikja eftir vikum, í Jöklu (og hliðarám hennar) og Fögruhlíðará. ....	22
<b>Mynd 16.</b> Uppsafernaður fjöldi veiddra urriða eftir vikum, í Jöklu (og hliðarám hennar) og Fögruhlíðará. ....	22
<b>Mynd 17.</b> Þyngdardreifing laxa, skipt eftir kynjum, sem veiddir voru árin 2012-2018 Jöklu og hliðarám. ....	23

## Tables

<b>Table 1.</b> Locations of electrofishing sites in River Jökla, its tributaries and River Fögruhlíðará in July 2018. The area fished and total number of salmon, char and trout juveniles caught are given. ....	7
<b>Table 2.</b> Density index (number pr. 100m <sup>2</sup> ) of salmon, char and trout juveniles in River Jökla, its tributaries and in River Fögruhlíðará in July 2018. ....	8
<b>Table 3.</b> Mean length of different age classes of salmon (E=farmed) at different station in River Jökulsá, its tributaries and River Fögruhlíðará in electrofishing survey in July 2018 (ML: mean length, N: number of individuals, Sd: standard deviation). ....	9
<b>Table 4.</b> The number of salmon caught in River Jökla, River Laxá, River Kaldá and River Fögruhlíðará 2006-2018. Also the number of released salmon parr and smolts each year. ....	10
<b>Table 5.</b> The number of salmon caught in the rod fishery in River Jökla in 2007-2018, by fishing pools. ....	11
<b>Table 6.</b> The number of salmon caught in the rod fishery in River Laxá in Jökulsárlíð in 2007-2018, by fishing pools. ....	12

<b>Table 7.</b> The number of salmon caught in the rod fishery in River Kaldá in Jökulsárlíð in 2007-2018, by fishing pools. ....	12
<b>Table 8.</b> The number of salmon caught in the rod fishery in River Fögruhlíðará in 2007-2018, by fishing pools. ....	13
<b>Table 9.</b> Origin (wild or hatchery reared), age at smoltification and sea age estimated from nine scale samples of salmon from the rod catch 2018 in River Jökla, River Kaldá and River Laxá. ....	13

## Table of figures

<b>Figure 1.</b> The River Jökla watershed and River Fögruhlíðará. Electrofishing sites are shown with different color according to each river.....	14
<b>Figure 2.</b> Length distribution of salmon juveniles caught in an electrofishing survey in River Jökla 2018. The age of the juveniles are shown above the bars. ....	15
<b>Figure 3.</b> Length distribution of salmon juveniles caught in a electrofishing survery in the tributaries of River Jökla and in River Fögruhlíðará in 2018. The age of the juveniles are shown above the bars. ....	16
<b>Figure 4.</b> Length distribution of Arctic char juveniles caugh in an electrofishing survey in River Jökla in 2018. The age of the juveniles are shown above the bars. ....	17
<b>Figure 5.</b> Lenght distribution of Arctic char juveniles caught in an electrofishing survey in tributaries of River Jökla and in River Fögruhlíðará in 2018. The age of the juveniles are shown above the bars. ....	17
Figure 6. Lenght distribution of brown trout juveniles caught in an electrofishing survey in River Fossá and River Laxá in 2018. The age of the juveniles are shown above the bars. ....	18
<b>Figure 7.</b> The proportion (%) volume of different groups of food items found in the stomachs of salmon juveniles caught in an electrofishing survey in River Jökla, it's tributaries and in River Fögruhlíðará in electrofishing survey in 2018. ....	18
<b>Figure 8.</b> The proportional (%) volume of different groups of food items found in the stomachs of Arctic char juveniles caught in an electrofishing survey in River Jökla, River Hnefla and River Kaldá in electrofishing survey in 2018. ....	19
<b>Figure 9.</b> The density index of wild (blue) and hatchery reared (yellow) salmon juveniles in River Jökla, River Laxá, River Fossá and River Fögruhlíðará in an electrofishing survey in 2018.....	19
<b>Figure 10.</b> The salmon rod catch (number of fish), in River Jökla, it's tributaries and River Fögruhlíðará in 2007-2018. ....	20
<b>Figure 11.</b> The total rod catch of salmon in River Jökulsá and it's tributaries (A) and in River Fögruhlíðará (B), by number of fish landed (blue) and number „caught and released“ (yellow). ....	20
<b>Figure 12</b> The total rod catch of Arctic char in River Jökulsá and it's tributaries (A) and in River Fögruhlíðará (B), divided by number of fish landed (blue) and number „caught and released“ (yellow). ....	20
<b>Figure 13.</b> The total rod catch of brown trout in River Jökulsá and it's tributaries (A) and in River Fögruhlíðará (B), divided by number of fish landed (blue) and number „caught and released“ (yellow). ....	21
<b>Figure 14.</b> The cumulative number of salmon caugt in the rod fishery in River Jökla (including tributaries) and River Fögruhlíðará, by the number of fish caught per week. ....	21
<b>Figure 15.</b> The cumulative number of Arctic char caught in the rod fishery in River Jökla (including tributaries) and River Fögruhlíðará, by the number of fish caught per week. ....	22
<b>Figure 16.</b> The cumulative number of brown trout caught in the rod fishery in River Jökla (including tributaries) and River Fögruhlíðará, by the number of fish caught per week. ....	22
<b>Figure 17.</b> The weight distirbution, by sex, of salmon caught by rod in River Jökla and it's tributaries in 2012-2018....	23

## Inngangur

Miklar breytingar urðu á rennsli Jöklu með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar, en hluti af þeirri framkvæmd var myndum Háslóns ( $57\text{km}^2$ ), sem er miðlunarlon ofan stíflu við Kárahnjúka. Söfnun vatns í Háslón hófst haustið 2006 og síðan þá rennur vatn frá Háslóni, um yfirlall á Kárahnjúkastíflu, niður farveg Jöklu aðeins þegar lónið er komið í yfirlallshæð. Utan þess tíma er því eingöngu dragavatn í farvegi Jöklu.

Nokkuð mismunandi er milli ára hvenær vatnsborð Háslóns nær yfirlallshæð, en rennslislíkön gera ráð fyrir að í meðalári sé það frá því um miðjan ágúst og út september. Mikið magn jökulaurs berst í Jöklu úr Vatnajökli, en eftir tilkomu Háslóns fellur stór hluti grófari aursins út í lóninu og berst ekki niður Jöklu til sjávar eins og áður var. Yfirlallsvatnið er samt sem áður mjög jökullitað. Þar sem Jöklar eru nú tær utan yfirlallstíma hafa skilyrði fyrir lífríki í Jöklu batnað mjög mikið frá því sem var þegar Jöklar var mjög aurugt jökulvatn allt sumarið.

Þegar yfirlallsvatn kemur niður Jöklu á Jökuldal, eykst rennsli þar og vatnsborð hækkar. Aurinn í jökulvatninu getur haft bein áhrif á vatnalífverur, auk þess sem hann leiðir til þess að minna ljós nær niður á botn og getur haft áhrif á frumframleiðslu á botni. Rannsóknir á áhrifum yfirlallsins á botnlæga þörunga og hryggleysingja sýna að áhrifin eru mest áberandi efst í Jöklu og er marktækt minni þettleiki eftir yfirlall en fyrir. Hins vegar sýndu rannsóknirnar líka að lífsskilyrði að sumri eru hagstæðari fyrir botnhryggleysingja eftir að áin var stífluð og jökulvatn hætti að renna niður farveginn allt árið. Áin líkist nú dæmigerðri dragá á blágrýtissvæði hvað varðar tegundasamsetningu hryggleysingja (Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2019).

Botngerð og straumlag í Jöklu neðan Háslóns gefa tilefni til að ætla að þar ættu að vera uppeldisskilyrði fyrir seiði laxfiska. Ekki er þó að fullu komið í ljós hvernig laxfiskum gengur að nema svæðið og hvort og þá hvaða áhrif rennsli um yfirlall á Kárahnjúkastíflu kann að hafa en það getur verið breytilegt milli ára eftir bæði magni og lengd þess tíma sem yfirlall stendur. Einnig hamlar rennsli gruggugs yfirlallvatns möguleikum til veiði. Byggst hefur upp umtalsverðr veiðinýting á vatnasvæði Jöklu á síðustu árum sem byggst hefur á fiskstofnum sem fyrir voru í hliðarám, auk umtalsverðra sleppinga gönguseiða og smáseiða laxa. Vart hefur orðið við náttúrulega framleiðslu laxaseiða í Jöklu og til framtíðar er markmiðið að áin verði sjálfbær hvað varðar framleiðslu seiða.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á stofnum laxfiska í Jöklu árið 2018, auk Fögruhlíðarár. Rannsóknirnar eru framhald vöktunar sem staðið hefur frá árinu 2011 og hafa fyrri niðurstöður verið settar fram í skýrslum (Guðni Guðbergsson 2009, 2011, 2014, Guðni Guðbergsson og Eydís Njarðardóttir 2013, 2016, 2017).

## Framkvæmd

### Seiðarannsóknir

Rannsóknir og sýnataka á vettvangi fóru fram dagana 30. júlí til 1. ágúst 2018. Seiðarannsóknir með rafveiðum voru gerðar í Jöklu (11 stöðvar) og hliðaránum Hrafnkelu, Hneflu, Laxá, Fossá og Kaldá, auk Fögruhlíðarár (tafla 1, 1. mynd). Alls voru rannsóknir því gerðar á 18 stöðum og eru það sömu staðir og veitt var á 2017.

Við rafveiðar er notuð rafstöð sem framleiðir 220 volta riðstraum, sem breytt er í 300/600 volta jafnstraumsspennu. Málmotta (um 40 cm á kant) sem liggur á botni árinnar er hlutlaus katóða, en anóðan er málmhringur á enda stafs sem veiðimaðurinn heldur á. Farið er skipulega yfir svæði í ánni (stöð) með stafnum þannig að hringurinn á enda hans sé undir vatnsborðinu. Þegar seiði eru innan rafssviðs frá hringnum dragast þau að honum og unnt er að háfa þau upp. Sýni eru tekin af hluta þeirra seiða sem veiðast, en öðrum sleppt aftur í ána þegar þau hafa verið greind til tegunda og lengdar- og þyngdarmæld. Miðað er við að veiða þann fjölda sem dugar til að árgangar aðgreinist í lengdardreifingu sem síðan er endurmetin með aldursgreiningum kvarna og/eða hreistursýna. Farin var ein rafveiðiyfirferð á hverri stöð og mælt flatarmál þess svæðis sem rafveitt var. Við rafveiðar með einni yfirferð veiðist hluti þeirra seiða sem þar er að finna og gefur aðferðin því ekki heildarfjölda seiða, heldur er um að ræða vísitölu fyrir seiðapéttleika, sem fjölda veiddra seiða í einni yfirferð rafveiða á hverja 100 m<sup>2</sup> árbotns. Séu veiðarnar framkvæmdar með sambærilegum hætti milli staða og tímabila gefur vísalan samanburðarhæfar niðurstöður (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005).

Fiskar sem veiddust voru greindir til tegunda og þyngdar- og lengdarmældir (sýlingarlengd). Sýni (kvarnir, hreistur, kyn og kynþroski og fæða) voru tekin af hluta aflans á hverri stöð. Aldur fisks var greindur á kvörnum. Fiskar á fyrsta vaxtarsumri (vorgamall) eru táknaðir sem 0+, aldur ársgamals fisks sem er á öðru vaxtarsumri sem 1+, o.s.frv. Kyn og kynþroski þeirra fiska sem teknir voru til sýnatöku var ákvarðaður. Fiskur sem ekki verður kynþroska að hausti er á kynþroskastigi 1 eða 2, fiskur sem verður kynþroska að hausti á stigi 3 til 5 og fiskur með rennandi svil/hrogn er á stigi 6. Ef merki finnst um fyrri hrygningu bætist 7/ framan við kynþroskastigið (Dahl 1943).

Holdastuðull (K) fiska úr rafveiði var reiknaður sem:

$$K = (\text{þyngd} / \text{sýlingarlengd}^3) \times 100$$

þar sem þyngdin er í grómmum og lengdin í sentímetrum. Holdastuðullinn er mælikvarði á holdafar fisksins og er um 1,0 hjá laxfiskum í “eðlilegum” holdum (Bagenal og Tesch 1978).

Á undanförnum árum hefur miklu magni laxaseiða verið sleppt í Jöklu og hliðarár hennar. Í skýrslunni eru villt seiði skilgreind sem seiði sem klakin eru úr hrognum sem hrygnt hefur verið í árnar og seiðin vaxið þar upp. Eldisseiði eru hins vegar seiði sem kominn eru úr hrognum sem klakið hefur verið í eldisstöð og þeim síðan sleppt í árnar. Ýmist er þá um að ræða smáseiði, þ.e. seiði sem sleppt er í árnar og ganga ekki til sjávar samsumars og hins vegar gönguseiði, sem sett eru í sleppitjarnir og ganga þaðan samsumars til sjávar.

## ***Stangaveiði***

Veiði eftir veiðistöðum Jöklu, hliðarám hennar og í Fögruhlíðarár var skráð í veiðibækur. Leigutaki veiðiréttarins tók veiðina saman. Hreistursýni voru tekin af löxum úr stangveiði til aldursgreiningar. Af hreistri má greina aldur fiska í ferskvatni og í sjó og í sumum tilfellum uppruna seiða, þ.e. hvort þeir eru úr hrygningu í ánum eða úr seiðasleppingum. Smálax er lax sem dvalið hefur einn vetur í sjó eftir sjögöngu sem gönguseiði, en stórlax hefur dvalið tvo vetur í sjó.

## **Niðurstöður**

### ***Seiðarannsóknir***

Laxaseiði veiddust á 9 stöðum af 11 í Jöklu og einnig í öllum hliðarám nema Hrafnkelu. Laxaseiði veiddust einnig í Fögruhlíðará. Bleikjuseiði veiddust á 6 stöðvum í Jöklu, auk Kaldár Fossár, Hneflu og Fögruhlíðará. Urriðaseiði veiddust eingöngu í Fossá og Laxá (tafla 1).

Villt laxaseiði fundust á sex stöðum í Jöklu og voru þau frá eins árs til þriggja ára gömul. Mestur var þéttleiki þeirra við Blöndubakka 18,8 seiði á 100m<sup>2</sup>, en minnstur við Teigasel 0,4 seiði/100m<sup>2</sup>. Villt laxaseiði fundust í öllum hliðaránum nema Hrafnkelu, og einnig í Fögruhlíðará. Þéttleikavísitala þeirra var hæst í Fossá, tæplega helmingi lægri í Laxá og mun lægri á öðrum mælistöðum. Laxaseiði ættuð úr seiðasleppingum fundust á sex stöðum í Jöklu og var þéttleiki þeirra mestur við Mælishól. Bleikjuseiðin voru frá vorgömlum til þriggja ára og var mesti þéttleiki þeirra í Fögruhlíðará. Urriðaseiðin voru vorgömul til tveggja ára gömul.

Vorgömul villt laxaseiði voru að meðaltali 3,0-3,4cm löng, eins ár seiði 5,1-8,7cm, tveggja ára seiði 7,3-10,4cm og þriggja ára seiði 11,8-12,6cm. Eldisseiði voru að meðaltali 7,7-10,8cm (2. og 3. mynd, tafla 3).

Bleikjuseiði sem veiddust í Jöklu voru frá 4,3-12,3cm löng og vorgömul til þriggja ára (4. mynd). Í öðrum ám voru bleikju- og urriðaseiðin vorgömul til tveggja ára (5. og 6. mynd).

Lirfur og púpur rykmýs var algeng fæða laxaseiða, en einnig komu fiskar, ánar og tvívængjur fram í nokkru magni (7. mynd). Rykmýslirfur og -púpur voru algengasta magainnihald bleikjuseiða (8. mynd). Hafa verður í huga að fjöldi fiska að baki greiningunum er lítill.

Þéttleiki laxaseiða hefur verið breytilegur í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará undanfarin ár. Í Jöklu og Laxá varð minnkun í þéttleikavísitölu villtra laxaseiða árið 2018 m.v. árin á undan. Hækkan varð í þéttleikavísitölu villtra laxaseiða (vorgömul til tveggja ára) í Fossá og Fögruhlíðará (9. mynd).

Á síðustu árum hefur verið sleppt tæplega 565 þúsund gönguseiðum laxa, riflega 221 þúsund sumaröldum laxaseiðum og riflega 380 þúsund eins árs laxaseiðum í Jöklu, Laxá, Kaldá og Fögruhlíðará. Sumarið 2018 var sleppt alls 23 þúsund gönguseiðum og tæplega 106 þúsund eins árs seiðum (tafla 4).

## ***Stangaveiði***

Sumarið 2018 veiddust 410 laxar í Jöklu, 104 laxar alls í Laxá og Kaldá og 14 laxar í Fögruhlíðará. Þetta er næst mesta laxveiði sem verið hefur í Jöklu, en árið 2015 veiddust þar 605 laxar. Heildarveiðin í Jöklu, hliðarám og Fögruhlíðará hefur þrisvar sinnum verið meiri en hún var 2018, þ.e. árin 2011, 2015 og 2016 (töflur 4-8, 10. mynd)

Í Jöklu og hliðarám hennar var um tveimur þriðju veiddra laxa sleppt aftur (veiða sleppa) sumarið 2018. Hlutfall sleppt í Fögruhlíðará var nærri 80%, en hafa verður í huga að heildarveiði var ekki nema 14 laxar. Hlutfall sleppt hjá bleikju var um 43% og um 48% hjá urriða (11. – 13. mynd).

Árin 2007 til 2011 var nánast allur lax í Jöklu veiddur neðan við veiðistaðinn Steinboga. Eftir að göngufæri var lagað við Steinboga hefur hlutfall veiddra laxa ofan hans aukist mjög og fór upp í 77% árið 2014. Sumarið 2018 var 64% veiðinnar ofan við Steinboga, en mest var veiðin í Hólaflúð þar sem 145 laxar veiddust (35,4%) (tafla 5). Í Laxá veiddust flestir laxar í Efri Brúarbreiðu og í Sauðárbreiðu í Kaldá (tafla 6 og 7). Enginn einn veiðistaður skar sig úr hvað fjölda laxa varðar í Fögruhlíðará (tafla 8).

Alls bárust hreistursýni af 9 (2,2%) löxum úr veiðinni 2018, þ.e. af 4 stórlöxum og 5 smálöxum. Sex þeirra voru greindir af villtum uppruna og höfðu dvalið 3 eða 4 ár í ánni fyrir sjögöngu (tafla 9).

Laxveiðin í Jöklu og hliðarám var góð framan af sumri, en minnkaði verulega í byrjun ágúst þegar yfirfallsvatns úr Háslóni fór að gæta. Laxveiðin fór hægt af stað í Fögruhlíðará og aðeins veiddist einn lax eftir seinni hluta ágústmánaðar (14. mynd). Bleikjuveiðin í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará fór rólega af stað í upphafi veiðítíma (15. mynd). Urriðaveiðin var nokkuð jöfn, eftir litla veiði í upphafi veiðítímans (16. mynd). Venjulega er hærra hlutfall hænga meðal smálaxa og hærra hlutfall hrygna meðal stórlaxa. Þetta endurspeglast í þyngdardreifingu veiddra laxa, en algengasta þyngd veiddra hænga sumarið 2018 var 1,5-2kg og 4-4,5kg hjá hrygnum (17. mynd).

## **Umræður**

Á þeim riflega áratug sem liðinn er frá því farið var að safna vatni í Háslón hefur laxveiði í Jöklu og hliðarám hennar farið úr fáum löxum upp í riflega 800 laxa veiði þegar mest hefur verið. Alls hafa veiðst á þessu tímabili nærri fimm þúsund laxar í vatnakerfinu. Þó gera megi ráð fyrir að flestir laxarnir hafi verið upprunnir úr seiðasleppingum, hefur komið fram aukin framleiðsla á náttúrulegum seiðum og hafa náttúruleg seiði m.a. fundist í neðri hluta Jöklu.

Aðstæður í Jöklu hafa breyst mikið eftir að farið var að safna vatni í Háslón, en nú er áin tær utan þess tíma síðumars sem mjög aurugt vatn rennur um yfirfall á Kárahnjúkastíflu og niður farveg árinnar um Jökuldal. Þegar reynt var að sjá fyrir á sínum tíma hvernig lífríki Jöklu myndi þróast eftir tilkomu Háslóns, var ein helsta óvissan hver áhrif yfirfallsvatnsins myndu verða á lífríki árinnar. Jafnvel var óttast að aurugt jökulvatn í ánni síðumars myndi hafa mjög neikvæð áhrif á lífríki árinnar og koma í veg fyrir uppeldi laxaseiða þar (Ingi Rúnar Jónsson o.fl. 2007). Rannsóknir hafa sýnt að lífsskilyrði fyrir

botnhryggleysingja að sumri til, eru hagstæðari eftir að áin var stífluð, rennsli varð stöðugra og jökulvatn hætti að renna um hana árið um kring, í samanburði við það sem var fyrir virkjun. Hvað þéttleika og tegundasamsetningu hryggleysingja varðar, svipar lífríkinu nú til þess sem dæmigert er í dragám á blágrýtissvæðum, en rykmý og bitmý voru ríkjandi hryggleysingjar á botni. Áður en Jöklar var virkuð fannst bitmý ekki í ánni og þéttleiki rykmýs var mjög líttill (Hilmar J. Malmquist o.fl., 2001). Áhrif yfirfallsvatns á Kárahnjúkastíflu á þörunga og hryggleysingja voru mest áberandi á efstu stöðvunum, en yfirfallið breytti hlutföllum hryggleysingja og var bitmý ríkjandi botndýr á efstu stöðvunum í Jöklu eftir yfirfall, í stað rykmýs (Erlín Emma Jóhannesdóttir o.fl. 2019).

